

Aukafundur í stjórn foreldrafélagsins 28. janúar kl. 20:00.

Mættir eru: Kristinn Þór Guðbjartsson, Helga Ragnarsdóttir, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Áshildur Linnet, Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir, Inga Ýr Ingimundardóttir og Sigurpór Þórsson. Helga ritar fundargerð.

Formáli:

Á aðalfund Foreldrafélags Stóru-Vogaskóla sem haldinn var 26. október 2012 mættu tveir forráðamenn utan stjórnar. Ekki var unnt að fullmanna stjórn þar sem aðeins tveir úr fyrri stjórn (Helga Ragnarsdóttir og Kristinn Þór Guðbjartsson) gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa. Starf félagsins lá því niðri fram í enda nóvember þegar ákveðið var að senda öllum foreldrum barna í skólanum bréf um stöðu mála og óska eftir áhugasömum til setu í stjórn. Bréfið var sent í gegnum mentor af ritara skólans. (sjá meðfylgjandi bréf: Til foreldra barna í Stóru-Vogaskóla).

Efni fundar:

Á fundinum gerðu Kristinn og Helga grein fyrir starfsemi félagsins. Verkefni undanfarinna vetra voru tíunduð, svo sem Tónlist fyrir alla, Vorhátíð, jólaföndur, leiksýningar, tónleikar og fleira.

Ákveðið var að fá skólastjórnendur til fundar með stjórninni til skrafs og ráðagerða. Sá fundur verður haldinn 18. febrúar.

Stjórnarmenn skiptu með sér verkum:

Kristinn Þór, formaður  
Áshildur, gjaldkeri  
Hrafnhildur Ýr, ritari  
Inga Ýr, varaformaður  
Helga, meðstjórnandi  
Sigurpór, meðstjórnandi  
Marta, meðstjórnandi

Helga ritar fundargerð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:50